

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 22. júní 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl., 787. mál

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl. Segja má að frumvarpið séu viðbrögð stjórnvalda við umræðunni um Panama – skjölin svokölluðu sem voru í heimspressunni nú á vormánuðum.

Rétt er að geta þess að SFF hafa á síðustu árum tekið virkan þátt í baráttunni gegn skattsvikum í samvinnu við stjórnvöld hér á landi og eru samtökin opin fyrir frekari þátttöku í frekari aðgerðum. SFF hafa tekið þátt í vinnuhópum á vegum fjármálaráðuneytis í þessu skyni. Má þar helst nefna þátttöku SFF í starfshópi til að undirbúa gerð FATCA samnings við bandarísk stjórnvöld sem undirritaður var 26. maí 2015. FATCA er stytting á enska heitinu Foreign Accounts Tax Compliance Act sem eru bandarísk lög um upplýsingaskyldu erlendra fjármálafyrirtækja vegna reikninga í eigu bandarískra aðila. Í framhaldi af innleiðingu FATCA óskaði fjármálaráðuneytið eftir því við SFF að fulltrúar úr vinnuhópnum vegna FATCA myndu einnig vinna með ráðuneytinu að innleiðingu Common Reporting Standard (CRS) sem er staðall frá OECD sem felur í sér viðtæk skipti á upplýsingum milli aðildarríkja OECD sem tengjast skattaupplýsingum reikninga, m.a. um stöðu þeirra og raunverulega eigendur. Ísland var meðal 52 ríkja sem undirrituðu samkomulag þann 29. október 2014 í Berlín um að taka upp þennan sameiginlega staðal. Auk þess að skiptast á upplýsingum í samræmi við staðalinn skuldbinda ríki sem staðfesta hann sig til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana svo þau geti staðið skil á upplýsingunum. Þess má geta að eyjar sem kallaðar hafa verið skattaskjól svo sem Bresku Jómfrúareyjar eru meðal þessara ríkja eins og sjá má á vef OECD (<https://www.oecd.org/tax/transparency/AEOI-early-adopters-statement.pdf>). Upplýsingaskiptin munu hefjast 2018 en Ísland er í hópi ríkja sem kallast „Early adopters group“, í því felst ásetningur um að hefja upplýsingaskiptin ári fyrr, þ.e. á árinu 2017. Alls hafa 96 ríki gengist undir að hefja reglubundin skipti á upplýsingum í samræmi við CRS-staðalinn.

Markmiðið með FATCA og CRS er að stöðva glæpastarfsemi sem tengist skattundanskotum og takast á við skattsvik. Með tilkomu CSR og FATCA hafa fjármálafyrirtæki tekið á sig umfangsmiklar skyldur við að halda til haga upplýsingum um eignir sem skattgreiðendur, einstaklingar og lögaðilar frá þátttökulöndum CSR og FATCA, eiga hjá fjármálafyrirtækjum á Íslandi og tilkynna Ríkisskattstjóra um eignir þessara aðila í íslenskum fjármálafyrirtækjum. Ríkisskattstjóri sendir upplýsingarnar svo til skattfyrvalda í viðkomandi ríkjum. Á sama hátt eiga íslensk skattfyrvöld rétt á að fá sambærilegar upplýsingar frá þeim ríkjum sem taka þátt í þessu samstarfi. Eins og að framan greinir eru þessi úrræði ný af nálinni en binda verður vonir við að þau muni stórauka þær upplýsingar sem skattfyrvöld hafa aðgang að til þess að koma í veg fyrir skattundanskot með notkun skattaskjóla.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði við 4. mgr. 94. gr. tekjuskattslaga nýjum málslið þannig að 4. mgr. verði svohljóðandi (frumvarpextinn er undirstrikaður):

Fjármálafyrirtæki, endurskoðendur, lögmenn og aðrir aðilar skulu halda sérstaka skrá yfir þá viðskiptavinum sína sem þau veita skattaráðgjöf eða aðra þjónustu, sem snertir umráð eða beina eða óbeina eignaraðild viðskiptavinanna að rekstri félaga, sjóða eða stofnana sem skráð eru erlendis eða eignir þar. Er þeim skylt að láta skattyfirvöldum í té umrædda skrá er þau beiðast þess. Sé um að ræða skattaráðgjöf eða aðra þjónustu vegna félags, sjóðs eða stofnunar sem hefur heimilisfesti í lágskattaríki skulu þeir óumbeðnir láta skattyfirvöldum skrána í té.

Í athugasemdum við frumvarpið segir m.a.:

„Með lögum nr. 46/2009 var 4. mgr. 94. gr. tekjuskattslaga breytt á þann veg að fjármálafyrirtækjum, endurskoðendum, lögmönnum og öðrum aðilum sem veita alþjóðlega skattaráðgjöf og þjónustu vegna erlendra samskipta var gert skylt að halda skrá yfir þá viðskiptavinum sína sem þiggja slíka ráðgjöf og þjónustu. Slík skrá skal hafa að geyma nægjanlegar upplýsingar til að auðkenna skattaðila. Með alþjóðlegri skattaráðgjöf og þjónustu er átt við ráðgjöf sem þessir aðilar veita og lýtur til að mynda að stofnun og skráningu lögaðila erlendis, flutningi á fjármagni til annarra ríkja eða lögsagnarumdæma og flutningi á eignarhaldi á íslenskum fyrirtækjum til erlendra aðila. Samkvæmt núgildandi lögum geta skattyfirvöld hvenær sem er óskað eftir aðgangi að skránni og er skylt að afhenda hana beiðast þau þess. Í frumvarpinu er lagt til að auk þess sem ráðgjafar- og þjónustuaðilum sé skylt að láta skattyfirvöldum í té umrædda skrá skuli þeir einnig láta þeim í té allar upplýsingar um starfsemi og eignir sem þeim má vera kunnugt um.“

Í dag stunda engin fjármálafyrirtæki innan SFF alþjóðlega skattaráðgjöf en samkvæmt ummælum í greinargerð virðist ákvæðið ekki bundið við fyrirtæki sem stunda alþjóðlega skattaráðgjöf heldur virðist því ætlað að taka til venjulegrar þjónustu fjármálafyrirtækja til aðila sem hefur heimilisfesti í lágskattaríki sbr. orðalagið „flutningi á fjármagni til annarra ríkja“ í greinargerð. Sú spurning vaknar hvort með þessu orðalagi sé ætlunin að fjármálafyrirtæki tilkynni til skattyfirvalda um allar millifærslur til annarra ríkja ef aðili sem millifærir fjármagn er heimilisfastur í lágskattaríki? Ekki er ljóst hvort að ákvæðinu er ætlað að ná til kreditkortaviðskipta, lánaviðskipta o.s.frv. Það verður því erfitt að sjá hvenær aðila á að vera kunnugt um tiltekna upplýsinga um starfsemi, eignir og eigið fé, sbr. a-lið 7. gr. Þá verður ekki annað séð af frumvarpsdrögum en að fjármálafyrirtæki þurfi að halda utan um skrá um alla þá þjónustu sem það veiti félögum sem eru með heimilisfesti í lágskattaríkjum, sbr. b-lið 7. gr. Með þessu er í raun verið að leggja nýjar eftirlitsskyldur á fjármálafyrirtæki auk þess sem þagnarskyldu 58. gr. er vikið til hliðar hvað varðar þau fyrirtæki sem falla undir frumvarpið.

Hvernig sem ákvæðið verður túlkað leiðir það til þess að fjármálafyrirtæki þurfa að innleiða í sína starfsemi viðamikla ferla sem bæði kosta mannafla og dýrar breytingar á tölvukerfum. Það er erfitt að áætla nákvæmlega þann kostnaði sem frumvarpið mun hafa för með sér verði það að lögum er mat eins

viðskiptabankanna er að verkið muni ekki taka minna en 5.000 klst. og muni því kosta að lágmarki 60 – 100 milljónir hjá þessum eina banka.

Eins og að framan segir er ákvæðið allt of óljóst auk þess sem ekki er gott að átta sig á hverju ákvæðið á að bæta við allar þær skyldur sem nú þegar eru lagðar á fjármálafyrirtæki skv. FATCA og CRS og allar þær heimildir sem skattfyrvöld hafa nú þegar til að kalla eftir upplýsingum frá fjármálafyrirtækjum. Svo virðist sem löggjafinn hafi ekki hugsað til enda hverju hann vill ná fram með þessum breytingum eða hvort nú þegar sé hægt að ná sama marki með núgildandi reglum. Ef leggja á svona ríkar skyldur á fjármálafyrirtæki þarf löggjafinn að undirbúa slíkt vandlega og veita nákvæmar leiðbeiningar um það í hverju slíkar skyldur felast þannig að fjármálafyrirtæki geti með góðu móti unnið eftir lagaákvæðinu. SFF telja nauðsynlegt að endurskoða 7. gr. frumvarpsins í samræmi við framangreint en um leið ítreka samtökin að þau eru reiðubúin til þess að eiga samtál við stjórnvöld um hvaða leiðir eru færar til að vinna að þeim markmiðum sem stjórnvöld setja sér í baráttunni gegn skattsvikum.

Um 9. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að fyrimingartími sakar verði lengdur úr sex árum í tíu ár vegna brota sem ekki teljast meiri háttar og varða tekjur í lágskattaríkjum. SFF gera ekki efnislegar athugasemdir við það en benda á að það kann að vera ástæða til að í nýjum lögum verði tekið sérstaklega á lagaskilum eldri ákvæða og nýrra ákvæða.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.